

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. mars 2007

	1.1.'07 - 31.03.'07 Skv. IFRS	1.1.'06 - 31.03.'06 Skv. IFRS	1.1.'05 - 31.03.'05	1.1.'04 - 31.03.'04	1.1.'03 - 31.03.'03
Rekstrartekjur					
Rekstrartekjur fiskvinnslu	1.324.463.546	1.226.981.218	1.122.271.888	945.839.590	983.804.033
Rekstrartekjur útgerðar	950.003.147	674.001.440	666.961.274	605.441.766	608.822.261
Afli til eigin vinnslu	(658.530.655)	(435.896.310)	(463.078.231)	(357.433.816)	(413.409.388)
Vörusala.....	79.201.363	298.598.495	362.840.285		
Aðrar tekjur	55.357.099	5.573.652	4.932.789	9.232.245	2.428.810
	<u>1.750.494.500</u>	<u>1.769.258.495</u>	<u>1.693.928.005</u>	<u>1.203.079.785</u>	<u>1.181.645.717</u>
Rekstrargjöld					
Rekstrargjöld fiskvinnslu	1.193.990.060	1.072.872.628	911.781.629	696.900.138	830.362.238
Rekstrargjöld útgerðar	507.826.669	426.533.646	418.230.991	351.909.215	323.819.191
Afli til eigin vinnslu	(658.530.655)	(435.896.310)	(463.078.231)	(357.433.816)	(413.409.388)
Kostnaðarverð seldra vara.....	75.825.381	256.683.705	354.922.014		
Sameiginlegur kostnaður	39.707.744	39.119.731	18.871.820	38.876.383	24.127.884
	<u>1.158.819.199</u>	<u>1.359.313.400</u>	<u>1.240.728.223</u>	<u>730.251.920</u>	<u>764.899.925</u>
Hagnaður fyrir afskriftir	591.675.301	409.945.095	453.199.782	472.827.865	416.745.792
Afskriftir	(105.810.784)	(84.738.918)	(105.829.898)	(93.044.939)	(128.375.689)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	485.864.517	325.206.177	347.369.884	379.782.926	288.370.103
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags.....	56.168.766	(55.798.682)			
Fjármunatekjur	459.230.083	3.390.320	18.194.395	2.911.653	10.141.315
Fjármagnsgjöld	(80.979.185)	(520.653.735)	194.383.342	(111.218.782)	91.433.981
	<u>434.419.664</u>	<u>(573.062.097)</u>	<u>212.577.737</u>	<u>(108.307.129)</u>	<u>101.575.296</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri starfssemi fyrir skatta...	920.284.181	(247.855.920)	559.947.620	271.475.796	389.945.399
Reiknaðir skattar.....	(155.598.009)	34.570.302	(100.774.539)	0	0
Hagnaður (tap).....	<u>764.686.172</u>	<u>(213.285.618)</u>	<u>459.173.081</u>	<u>271.475.796</u>	<u>389.945.399</u>
Sjóðstreymi					
Veltufé frá rekstri.....	366.428.049	317.937.104	579.169.011	407.573.782	366.226.666
Handbært fé frá rekstri.....	180.393.121	150.042.957	109.465.916	153.646.196	148.952.081
Fjárfestingarhreyfingar sjóðstreymis nettó.....	44.947.795	(25.661.781)	(100.798.907)	(205.244.150)	(92.055.200)

Efnahagur	31.3.2007	31.3.2006	31.3.2005	31.3.2004	31.3.2003
Fastafjármunir.....	6.941.057.367	7.372.821.172	6.344.036.336	6.793.204.285	5.141.731.324
Veltufjármunir.....	2.914.030.226	2.123.026.628	2.289.255.595	1.691.865.767	2.557.881.802
Eignir alls.....	9.855.087.593	9.495.847.800	8.633.291.931	8.485.070.052	7.699.613.126
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé í árslok.....	3.200.333.433	2.432.625.400	2.734.446.428	2.238.581.805	2.346.481.389
Tekjaskattskuldbinding.....	357.393.003	243.207.410	172.954.972	0	0
Langtímaskuldir.....	5.164.444.729	5.575.970.928	4.408.258.055	5.149.832.067	3.434.956.844
Skammtímaskuldir.....	1.132.916.428	1.244.044.062	1.317.632.476	1.096.656.180	1.918.174.893
Skuldir alls.....	6.654.754.160	7.063.222.400	5.898.845.503	6.246.488.247	5.353.131.737
Skuldir og eigið fé alls.....	9.855.087.593	9.495.847.800	8.633.291.931	8.485.070.052	7.699.613.126
Kennitölur	31.3.2007	31.3.2006	31.3.2005	31.3.2004	31.3.2003
Framlegð.....	33,8%	23,2%	26,8%	39,3%	35,3%
Innra virði.....	2,13	1,63	1,83	1,43	1,50
Veltufjárhlutfall.....	2,57	1,71	1,74	1,54	1,33
Eiginfjárhlutfall.....	32,5%	25,6%	31,7%	26,4%	30,5%
Arðsemi eigin fjár.....	108,5%	-33,6%	70,0%	50,9%	72,5%
Afkoma á hverja krónu nafnverðs.....	0,51	-0,14	0,31	0,17	0,25
Nafnverð hlutafjár.....	1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000	1.565.000.000
Útistandandi hlutafé.....	1.504.204.857	1.493.935.481	1.493.935.481	1.565.000.000	1.565.000.000

4. maí 2007

Til OMX
Frá stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

**Afkoma Vinnslustöðvarinnar hf.
rekstrartímabilið 1. janúar 2007 - 31. mars 2007**

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. samþykkti í dag uppgjör félagsins fyrir fyrstu þrjá mánuði rekstrarársins. Þar kemur meðal annars fram eftirfarandi:

- Hagnaður var á rekstrinum að upphæð 765 milljónir króna, sem er mikil breyting frá sama tímabili í fyrra þegar tap nam 213 milljónum króna.
- Heildartekjur félagsins voru 1.750 milljónir króna en 1.769 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Tekjur fiskvinnslu stóðu nánast í stað en tekjur útgerðar jukust. Rekstrargjöld lækkuðu um 200 milljónir króna eða úr 1.359 milljónum króna í fyrra í 1.159 milljónir króna nú.
- Framlegð félagsins (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) nam tæplega 592 milljónum króna og jókst um 44% frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall hækkaði úr 23,2% í fyrra í 33,8% í ár. Þess ber að geta að söluhagnaður af seldum aflaheimildum að upphæð 33 milljónir króna er færður meðal tekna.
- Veltufé frá rekstri nam 366 milljónum króna, sem jafngildir 21,6% af rekstrartekjum. Það jókst um 318 milljónir króna frá fyrra ári eða um 15,3%.
- Afskriftir voru tæpar 106 milljónir króna og jukust um 21 milljón króna frá fyrra ári.
 - Tekjur Hugins ehf., hlutdeildarfélag Vinnslustöðvarinnar, voru 284 milljónir króna og framlegð þess á tímabilinu var 75 milljónir króna. Hagnaður félagsins, eftir skatta, nam 114 milljónum króna. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í þeim hagnaði var tæpar 55 milljónir króna.

- Tekjur About Fish ehf., hlutdeildarfélag Vinnslustöðvarinnar, voru 445 milljónir króna og framlegð þess 10 milljónir króna. Hagnaður félagsins, eftir skatta, nam tæpum 3 milljónum króna og var hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í þeim hagnaði tæpar 1,3 milljónir króna.
- Niðurstaða fjármagnsliða var jákvæð um 378 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi. Gengishagnaður var 427 milljónir króna, sem skýrist af áhrifum styrkingar krónunnar á skuldir félagsins. Á sama tímabili í fyrra voru fjármagnsliðir neikvæðir um 517 milljónir króna.
- Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu var 156 milljónir króna.

Efnahagur 31. mars 2007

Heildarskuldir félagsins lækkuðu um 107 milljónir króna frá upphafi árs til marsloka 2007 og eru 6.655 milljónir króna. Nettóskuldir eru 3.732 milljónir króna en voru 4.558 milljónir króna í lok síðasta árs. Þær lækkuðu því um 826 milljónir króna.

Eigið fé jókst frá áramótum um 765 milljónir króna eða um 31,4%, sem skýrist eingöngu af hagnaði tímabilsins.

Reikningsskilaaðferðir

Þetta er fyrsta árið sem félagið færir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Uppþökudagur reikningsskilastaðlanna miðast við 1. janúar 2006 og hafa því reikningsskil fyrir tímabilið 1. janúar – 31. mars 2006 verið færð samkvæmt stöðlunum til samanburðar.

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu reikningsskila tímabilsins 1. janúar – 31. mars 2006 eru eftirfarandi:

- Framlegð var 537.360.315 kr. en verður 409.945.095 kr.
- Afkoma var (107.441.378) kr. en verður (213.285.618) kr.
- Reiknaður tekjuskattur var 11.336.201 kr. en verður 34.570.302 kr.
- Heildareignir voru 9.174.223.662 kr. en verða 9.495.847.800.
- Eigið fé var 2.168.893.605 kr. en verður 2.432.625.400 kr.
- Tekjuskattsskuldbinding var 185.315.065 kr. en verður 243.207.410 kr.
- Veltufé frá rekstri var 447.015.446 kr. en verður 317.937.104 kr.

Helstu áhrif IFRS á niðurstöðu efnahagsreiknings í árslok 2006 eru eftirfarandi:

- Heildareignir voru 8.904.004.602 kr. en verða 9.197.890.555 kr.
- Eigið fé var 2.196.388.779 kr. en verður 2.435.647.261 kr.
- Tekjuskattsskuldbinding var 292.305.858 kr. en verður 346.933.329 kr.
- Heildarskuldir voru 6.707.615.823 kr. en verða 6.762.243.294 kr.

Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrartímabili

Hluthafar, sem eiga samtals 50,04% hlut í Vinnslustöðinni hf., gerðu með sér samkomulag 16. apríl 2007 um stjórnun og rekstur félagsins. Af 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti leiðir að þeim er þar með skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð innan fjögurra vikna. Slíkt tilboð verður gert að aðalfundi loknum. Í kjölfar yfirtökutilboðs verður óskað eftir því við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að hlutabréf hennar verði afskráð úr kauphöllinni OMX Nordic Exchange.

Rekstrarhorfur á árinu

Horfur í rekstri Vinnslustöðvarinnar eru nokkuð góðar. Afurðaverð í erlendum myntum er tiltölulega hátt, þrátt fyrir að verð ýmissa afurða sé byrjað að lækka. Styrking krónunnar, það sem af er árinu, mun einnig hafa veruleg áhrif á afkomu ársins. Annars vegar lækkar afurðaverð í íslenskum krónum og leiðir þannig til tekjulækkunar og versnandi afkomu. Hins vegar verður gengishagnaður af skuldum félagsins.

Horfur eru á að aflamark í þorski verði minnkað fyrir næsta fiskveiðiár. Það mun hafa talsverð áhrif á afkomu félagsins.

Frekari upplýsingar:
Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri
í sínum 488 8004 og 897 9607